



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

Aðgerðir vegna COVID-19

1. Stuðningur til sviðslista í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 52.000 þ.kr. vegna stuðnings sviðslistum í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi sem viðspyrnuaðgerð vegna Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af handbæru fé.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
		Handbært fé	Frá -52.000
MOF	03101	Borgarleikhúsið	50.000
MOF	03135	Tjarnarbíó	Til 2.000
Samtals			0

Áhrif breytinganna á rekstrarniðurstöðu og fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu er að hagnaður ársins 2020 lækkar um 52.000 þ.kr. og sjóðsstreymi í árslok lækkar um sömu fjárhæð. Jafnréttisskimun hefur farið fram og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspyrnuaðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað til samþykkt borgarráðs frá 5. nóvember 2020 liður 8, mál R20110025, Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Tjarnarbíó og liður 7, mál R20110023, Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Borgarleikhúsi.

2. Skóla- og frístundasvið – Covid-19 kostnaður

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 464.800 þ.kr. sem er ígildi þess að fjárheimildir sviðsins séu ekki skertar þrátt fyrir færri börn en gert var ráð fyrir í áætlun. Fjárhæðin skiptist þannig að 214.000 þ.kr. eru vegna kostnaðarauka af Covid-19 og 250.800 þ.kr. vegna annarra frávíka. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)					
				Millif	Covid	Samtals			
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-	250.800	-	214.000	-	464.800
SFS	xxx	Leikskólar	Til		114.800		125.000		239.800
SFS	xxx	Grunn/Leik BBB	Til		75.000				75.000
SFS	xxx	Frístund	Frá	-	90.000		40.000	-	50.000
SFS	xxx	Grunnskólar	Til		151.000		49.000		200.000
Samtals					0		0		0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunar.

Greinargerð:

Útgjöld vegna smitvarna nema 286.000 þ.kr. og hafa þau að hluta til verið bætt með viðbótarfjárheimild 72.000 þ.kr. til að mæta kostnaði við smitvarnir í vor. Eftir standa því 214.000 þ.kr. af útgjöldum vegna smitvarna. Önnur frávik 250.800 þ.kr. skýrast af langtímaveikindum starfsmanna og sérkennslu og stuðningi vegna aukinnar þjónustuþyngdar umfram áætlanir.

3. Velferðarsvið – Covid-19 kostnaður

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 309.313 þ.kr. vegna kostnaðarauka af Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-309.313
VEL	xx	Launakostnaður	Til	258.194
VEL	xx	Rekstrarkostnaður	Til	51.119
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu.

Greinargerð:

Við upphaf Covid-19 19 varð strax ljóst að velferðarsvið Reykjavíkurborgar þyrfti að gera ýmsar breytingar til að viðhalda órofinni þjónustu á þeim fjölmörgu og ólíku stöðum sem velferðarsvið rekur. Á tímabilinu janúar til október 2020 hafa verið skráðar tæplega 74 þúsund vinnustundir vegna útkalla og aukavakta þ.m.t. sóttkvíar eða einangrunar hjá öðru starfsfólki og nemur viðbótarlaunakostnaður vegna þessa um 258.194 þ.kr.

Tafla 1: Fjöldi vinnustunda eftir kjarasamningum

Kjarasamningar	Starfsmenn sem sinna málefnum fatlaðs fólks	Aðrir starfsmenn	Allir starfsmenn
Efling	1.911	12.002	13.913
Sameyki	33.124	15.694	48.817
Sjúkraliðar	473	3.515	3.988
Félagsráðgjafar	478	82	560
Hjúkrunarfræðingar	970	3.021	3.991
Önnur stéttarfélög	0	2.442	2.442
Samtals	36.956	36.756	73.712

Umtalsverður útgjaldaauki hefur orðið vegna kostnaðar við þrif og sóttthreinsun auk kaupa á hreinlætis- og sjúkrahúsum. Samtals hafa verið auðkennd útgjöld að fjárhæð 62.119 þ.kr sem kostnaður vegna Covid-19 hjá sviðinu í heild, þar af eru um 14.000 þ.kr. vegna málefna fatlaðs fólks og 48.119 þ.kr. vegna annarrar þjónustu. Í vor fékk sviðið viðbótar fjárheimild vegna þrifa og sóttthreinsingarkostnaðar að fjárhæð 11.000 þ.kr. eftir standa því 51.119 þ.kr. og er komið til móts við það nú.

4. Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Lagt er til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsviðs hækki um 116.416 þ.kr. vegna kostnaðarauka af Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af handbæru fé.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN		Handbært fé	Frá -116.416
ÞON	xx	Rekstrarþjónusta	Til 36.850
ÞON	xx	Upplýsingatæknipjónusta	Til 79.566
Samtals			0

Áhrif breytinganna á rekstrarniðurstöðu og fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu er að hagnaður ársins 2020 lækkar um 116.416 þ.kr. og sjóðsstreymi í árslok lækkar um sömu fjárhæð.

Greinargerð:

Rekstrarþjónusta Reykjavíkur hefur tekið að sér lykilhlutverk í sóttvörnum í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkur. Kostnaður sem rekstrarþjónustan hefur auðkennt sem kostnað vegna Covid-19 nemur 36.850 þ.kr. snýr kaupum á hreinisbúnaði, sóttvarnarþrifum og sérstök smit þrifum.

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkur (UTR) hefur þurft að bregðast við auknum þörfum fyrir fjartengingar og fjarvinnu í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Kostnaður sem UTR hefur auðkennt sem kostnað vegna Covid-19 skiptist þannig að um 38.000 þ.kr. eru vegna kaupa á fjarfundabúnaði, fjarfundapjónustu og innviðum fyrir fjarfundi og um 40.000 þ.kr. teljast útgjöld vegna vettvangsþjónustu sem þurfti að veita með öðrum hætti og jafnvel oft inn á heimilum starfsmanna.

Dagur B. Eggertsson